

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verslana í Hafnarfirði.

1. gr.

Samþykkt þessi tekur til hverskonar smásöluverslunar í Hafnarfirði. Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir og bifreiðastöðvar. Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktarinnar, úrskurðar bæjarstjórn, að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverslana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, má vera sem hér segir, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktinni:

Heimilt skal að opna sölustaði kl. 07:00 og skal þeim lokað eigi síðar en kl. 23:30 alla daga vikunnar, sbr. þó 3. gr.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 24:00.

Bæjarstjórn getur heimilað, að verslanir séu opnar á tímabilinu frá kl. 23:30 til kl. 07:00 að morgni.

3. gr.

Um lokun sölustaða á einstökum helgidögum og hátíðisdögum gilda eftirfarandi reglur:

- a) föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.
- b) nýársdag, skírdag, annan páskadag, annan hvítasunnudag, uppstigningardag, 17. júní og annan jóladag skal sölustöðum lokað allan daginn. Bæjarstjórn getur þó heimilað að verslanir séu opnar þessa daga.
- c) aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 15:00.

4. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmtistöðum og slíkum stöðum skal heimilt, að fengnu leyfi heilbrigðisráðs, að selja sælgæti, tóbak, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagripi og annað slíkt sem eðlilegt telst, að þar sé til sölu, utan þess tíma er um getur í 2. gr., þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning, sem verslunarleyfi þarf til sölu á, þó skal heimilt að afgreiða það fólk sem komið er í verslun eða sölustað, þegar lokað er.

6. gr.

Lögreglustjóri getur í einstökum tilvikum heimilað rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari þegar hann telur sérstaka ástæðu til, m. a. þegar ágóði af sölu skal renna til almenningsheilla eða góðgerðarstarfsemi.

7. gr.

Fyrir leyfi til rýmri sölutíma skv. 4. mgr. 2. gr. og b-lið 3. gr. skal árlega greiða gjald í bæjarsjóð skv. ákvörðun bæjarstjórnar.

Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem bæjarstjórn og heilbrigðisráð setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, getur bæjarstjórn svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal fara að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða og öðlast gildi þegar í stað.

Með samþykktinni fellur úr gildi samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Hafnarfirði nr. 58 16. febrúar 1968, með síðari breytingum, nr. 38 frá 26. febrúar 1970 og nr. 400 frá 1. nóvember 1977.

Félagsmálaráðuneytið, 30. janúar 1984.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Dalvíkurkaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn Dalvíkur ákveður að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir:

Heimilt er að leggja gatnagerðargjöld á land sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar, A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með vatns- og holræsälögnum og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að setja bundið slitlag á götu svo og að ganga endanlega frá gangstétt. Skipting A-gjalds skal vera sem hér segir.

Til gatna- og holræsagerðar	80%
Til vatnsveitu	20%

3. gr.

A-gjald vegna nýbyggingar skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á gólffermetra einbýlishúss, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	6,0%
Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	5,0%
Iðnaðar-, atvinnu- og vöruhús	4,5%
Tvíbýlishús og parhús	3,5%
Rað- og keðjuhús, ein hæð	2,5%
Rað- og keðjuhús, tvær hæðir	2,0%
Fjölbýlishús, allt að 5 hæðir	2,0%
Fjölbýlishús, 5 hæðir eða meira	1,0%
Geymsluhús	1,0%

Af gólfleti á jarðhæð í kjallara og nýtanlegum gólfleti á rishæð allra húsa svo og bifreiðageymslum við íbúðarhús skal reikna 50% af gjaldstuðli viðkomandi húss.